

BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda utanlandsferða á vegum borgarinnar síðastliðin tvö ár - R19090305

Þar sem ekki var hægt að svara fyrirspurninni um fjölda fjarfunda sem mögulega voru að koma í staðin fyrir ferðir á fundi erlendis er spurt um fjölda ferða erlendis á vegum borgarinnar s.l. 2 ár? Hversu margir starfsmenn, embættismenn og borgarfulltrúar hafa sótt fundi erlendis sl. 2 ár og í hvaða tilgangi voru þeir fundir? Fjarfundir eru ekki skráðir en ferðir á fundi erlendis eru vissulega skráðar. Óskað er sundurliðunar eftir störfum (embættismenn, yfirmenn, borgarfulltrúar, aðrir), eftir sviðum, deildum, skrifstofum og eftir tegund og eðli funda, lengd ferðar og fleira sem þessu viðkemur. Gott er að fá upplýsingar um meðaltal ferða og loks sundurliðunar kostnaðar svo og hvers vegna ekki var notast við fjarfundarbúnað frekar en að taka ferðina á hendur?